

DMM Lausnir er hugbúnaðar- og ráðgjafarfyritæki. DMM Lausnir eru framleiðendur hugbúnaðarkerfisins DMM, sem er notað á vettvangi viðhaldsstjórnunar, verkefnisstjórnunar, eftirlits og gæðastjórnunar. Meðal þeirra sem nota DMM eru öll stærstu orkufyrirtæki landsins. DMM er notað í flestum aflstöðvum og í flestum dreifikerfum landsins. DMM hefur verið þróað samfellt í um 20 ár, mjög mikið er lagt upp úr áreiðanleika kerfisins og síþróun þess. DMM Lausnir er vel staðsett að Hafnargötu 91 í Reykjanesbæ. Á bak við DMM Lausnir eru sterkir eigendur. Aðbúnaður starfsmanna er til fyrirmyndar sem og vinnuandinn. DMM Lausnir hafa skilað jákvæðri rekstrarafkomu í 10 ár í röð og er í hópi framúrskarandi fyrirtækja ársins 2013 valið af Creditinfo.

Próunarstjóri í hugbúnaðargerð

Við erum að stækka forritunarteymið og huga að næstu kynslóð hugbúnaðarkerfis okkar. Ef þú ert leiðtogi í hugbúnaðargerð með mikla starfsreynslu, þá skaltu endilega kynna þér þetta tækifæri!

Við bjóðum þér:

- Að taka þátt í að leiða og móta gerð næstu kynslóðar hugbúnaðarkerfis okkar. Sem þróunarstjóri færðu það hlutverk að útbúa tæknilegan vegvísi, miðla tæknilegri framtíðarsýn, leiða hönnun nýrra kerfiseininga, koma á fót viðeigandi leikkerfum á vinnustað og taka þátt í forritun og samskiptum við viðskiptavinum
- Vel skipulagðan, krefjandi og ljúfan vinnustað. Unnið er í anda Agile Scrum aðferðafræðinnar
- Góða vinnuaðstöðu á einkar huggulegum stað með fallegu útsýni

Það sem sem þú þarft að hafa fram að færa:

- Að lágmarki B.Sc. gráða í tölvunarfræði eða hugbúnaðarverkfræði
- Afburða hæfileiki til að hanna og leiða þróun hugbúnaðarkerfis
- Þörf fyrir að vinna að stöðugum endurbótum og framförum fyrir þig sjálfa(n), teymið og hugbúnaðarkerfið
- Reynsla af Microsoft .NET Framework
- Reynsla af „service oriented architecture“ með SOAP og/eða REST vefþjónustum
- Yfirgripsmikil þekking á líftímaþróun hugbúnaðarkerfa og reynsla á sviði samfelldrar þróunar og afhendingar hugbúnaðarkerfis til viðskiptavina
- Hæfileiki til að vera allt í senn leiðtogi, liðsmaður og einstaklingur sem hvern einasta dag vinnur að því að ná hámarksárangri á vettvangi hugbúnaðargerðar

Upplýsingar veitir:

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 21. október nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is